



Fundargerð 3. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 01. apríl 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Páll Jónsson (PJ), Linda Karlsdóttir (LK), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Baldvin Hansson (BH)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Andri Már Sveinsson (AMS).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Ásta Sigurðardóttir (ÁS)
AÓS, BH ritaði fundargerð

1. Erindi sent frá Tryggva M Þórðarsyni

Tryggvi M Þórðarson hefur boðið sig fram í framkvæmdastjórn ÍSÍ og samþykkir stjórn AKÍS að styður Tryggva til þessa framboðs og felur formanni að gefa út þar að lútandi yfirlýsingu.

2. Erindi frá BA og KK vegna Spyrnu

Fyrir liggur beiðni frá BA og KK um að færa tvær keppnir í Íslandsmótinu í spyrnu:

Farið er fram á að eftirfarandi breytingar verði gerðar á keppnisdagatali 2025

- Íslandsmót í spyrnu hjá KK verði fært frá 24. maí til 7. júní
- Íslandsmót í spyrnu hjá BA verði fært frá 31. maí til 24. maí

Samþykkt samhljóða.

3. Keppnisgreinareglur í Torfæru

Stjórn AKÍS hafa borist erindi er varða fyrirhugaðar breytingar á keppnisreglum í Torfæru. Fyrir liggur að reglur bárust ekki innan settra tímamarka og hefur yfirferð tekið umtalsvert meiri tíma en fyrirhugað var. Réttara má vera að um sé að ræða nýjar reglur í stað breytinga á reglum og útskýrir það að einhverju leyti drátt á útgáfu reglnanna.

Við nánari kynningu keppnishaldara á nýju regluverki komu fram mótmæli á einstaka hluta reglnanna og einnig að tímasetningar hafi ekki verið virtar.

Stjórn sammælist um að torfæuraráð vinni áfram að uppfærslu á reglum sem leggja mætti fyrir formannafund árið 2025.

4. Öryggisráð



Þrír aðilar hafa óskað eftir að sitja í Öryggisráði AKÍS. Ari Halldór Hjaltason, Sverrir Snær Ingimarsson og Jóna Phuong Thuy Jakobsdóttir.

Stjórn fagnar þessum framboðum og skipar þau til setu í Öryggisráði fram að næsta ársþingi.

5. Reglugerðir AKÍS

Reglugerð AKÍS um keppnishald hefur verið birt á heimasíðu sambandsins.

6. FIA ráðstefna í Macau

Nýjar forsendur hafa komið fram er varða stöðu innan FIA í tengslum við forsetakosningar í haust. Formaður leggur til fram þá tillögu að AKÍS sendi aðila á ráðstefnuna sem haldin verður dagana 10.-13. júní næstkomandi.

Stjórn samþykkir að JÞJ sækir ráðstefnuna fyrir hönd AKÍS.

Til kynningar:

- Mótakerfi - Búið er að fara í miklar breytingar á mótakerfinu. Stefnt er að því að funda með aðildarfélögum til að kynna þessar breytingar ásamt því að kynna kerfið betur í heild sinni.

Næsti fundur verður 15. apríl kl 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:10